

Fundargerð

6. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 15. janúar 2020 kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Jóna Björg Hlöðversdóttir aðalmaður, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir aðalmaður, Halldór Þorlákur Sigurðsson aðalmaður, Friðrik K. Jakobsson varamaður, Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri, Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri, Róbert Ragnarsson ráðgjafi og Jón Hrói Finnsson ráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

Helgi Héðinsson boðaði forföll. Friðrik K. Jakobsson mætti í hans stað.

1. Verkefnis- og kostnaðaráætlun - 1909031

Umræður um dagsetningu íbúafunda til að kynna greiningu og hugmyndir. Í tímaáætlun er gert ráð fyrir fundum 25.-27. maí 2020.

Ákveðið var að íbúafundir verði haldnir 3. og 4. júní nk. og að síðasti skiladagur minnisblaða verði 16. mars.

2. Starfshópar - 1911021

Skipun fulltrúa í starfshópa sbr. bókun nefndarinnar á 5. fundi þann 20. nóvember sl. Farið yfir lýsingu á starfshópum og verklýsingar starfshópa. Lagt er til að fyrstu fundir starfshópa verði haldnir 28. eða 30. janúar.

Samþykkt að starfshópar komi saman til fyrsta fundar þann 28. janúar.

Sveitarstjórum falið að taka saman lista yfir fulltrúa í starfshópum og ráðgjöfum falið að boða til fyrstu funda skv. ofansögðu.

Ráðgjöfum falið að uppfæra verklýsingar með hliðsjón af athugasemdum fundarmanna.

3. Greining fjárhags nýs sveitarfélags ef til sameiningar kemur - 1910012

Róbert fór yfir frumgreiningu á fjárhag nýs sveitarfélags ef til sameiningar kemur.

4. Nýsköpun í norðri - 1909032

Arnór kynnti stöðu verkefnisins.

Tólf íbúafundir hafa verið haldnir til að kortleggja hugmyndir og tækifæri. Um 120 manns hafa sótt fundina. Rætt hefur verið við mögulega samstarfsaðila um samstarf og þeim boðið til funda með rýnihópum. Sótt hefur verið um styrki til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og unnið er að undirbúningi umsókna um styrki úr öðrum sjóðum, m.a. á grundvelli Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Skipað hefur verið í rýnihópa í báðum sveitarfélögum. Fjórir eru í hverjum rýnihópi, auk fulltrúa úr stýrihópi. Gert er ráð fyrir að rýnihópar ljúki vinnu sinni 3. apríl nk. Hóparnir munu skila sviðsmyndum um stöðuna á svæðinu árið 2030 og

*raunhæfum hugmyndum að verkefnum og tillögum að framkvæmd þeirra.
Til skoðunar er að halda ráðstefnu í lok apríl í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í
ferðaþjónustu.*

5. Fræðsla um fjarfundi - 2001006

Formaður sagði frá námskeiði á vegum Símeys og Þekkingarnets Þingeyinga um fjarfundi. Verið er að skoða möguleika á að halda slíkt námskeið fyrir þátttakendur í Þingeyingi og Nýsköpun í norðri. Formaður mun upplýsa nefndarmenn um niðurstöðuna. Ráðgjafar kynntu helstu atriði varðandi Zoom-hugbúnaðinn sem notaður er á fjarfundum nefndarinnar.

Fundi slitið kl. 17:00.
